

## Fundargerð aðalfundar 2008


Aðalfundur Landskerfis bókasafna hf. fyrir árið 2008 var haldinn í húsakynnum fyrirtækisins að Borgartúni 37 í Reykjavík, 30. maí 2008 kl. 15:00. Mættir voru fulltrúar 6 hluthafa sem eiga samanlagt 78.9 % hlutafjár og lögðu þeir fram umboð sín. Löglega var til fundarins boðað. Fundurinn kaus Pétur Guðmundarson, hrl., fundarstjóra og Huldu Björk Þorkelsdóttur, Reykjanesbæ, ritara.

Dagskrá fundarins var skv. samþykktum félagsins og voru mál tekin fyrir sem hér segir:

1. Hörður Sigurðsson, stjórnarformaður, flutti skýrslu stjórnar um starfsemi undanfarins árs.
2. Sveinbjörg Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri, lagði fram ársreikning fyrirtækisins.  
Ársreikningurinn samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.
3. Fram kom tillaga um eftirfarandi aðalmenn og varamenn í stjórn félagsins og að endurskoðandi yrði endurkjörinn, og var sjálfkjörið í allar þessar stöður. Þær eru því skipaðar svo:
  - Anna Torfadóttir ( kt. 250149-6549), stjórnarmaður.
  - Hörður Sigurðsson (kt. 020638-2659), stjórnarmaður.
  - Karl Guðmundsson (kt. 161153-4519), stjórnarmaður.
  - Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir (kt. 130255-2059) stjórnarmaður.
  - Hulda Björk Þorkelsdóttir (kt. 211248-4169), varamaður í stjórn.
  - Eiríkur Þorláksson (kt. 301153-7169), varamaður í stjórn.
  - Ríkisendurskoðun, endurskoðandi.
4. Lagt var til að hagnaður af rekstri ársins 2007 gangi til uppbyggingar og eflingar félagsins, eins og ráð er fyrir gert í samþykktum þess og var það samþykkt.
5. Lögð var fram tillaga um að þóknun til stjórnarmanna frá aðalfundi 2008-til aðalfundar 2009 verði óbreytt, eða kr. 20.000 á mánuði en stjórnarformaður fái tvöfalda þá upphæð. Þá var lagt til að Ríkisendurskoðun yrði greitt skv. reikningi. Tillagan var samþykkt samhljóða.
6. Önnur mál.  
Eiríkur Þorláksson kvaddi sér hljóðs og þakkaði félaginu vel unnin störf. Hann sagði frá verkefni á vegum menntamálaráðuneytisins um að færa menningararfinn í stafrænt form og gera aðgengilegan í sameiginlegum leitaraðgangi. Eiríkur sagði að m.a. væri horft til félagsins um framkvæmd þess ásamt öðrum verkefnum í stefnu ríkisstjórnar um upplýsingasamfélagið sem birtist í skýrslunni Netríkið Ísland.

Fundurinn fól fundarritara og fundarstjóra að ganga frá fundargerð fundarins. Fundi var slitið kl. 15:55.

Pétur Guðmundarson



Hulda Björk Þorkelsdóttir

